



Vinnumarkaður – langtímabreytingar eru nokkuð miklar

Lengri tíma sýn er gagnleg

Hagstofan birti nýlega vinnumarkaðstölur fyrir árið 2018. Sambærilegar tölur Hagstofunnar um vinnumarkað ná allt aftur til ársins 2003 og sumar allt aftur til 1991. Það er jafnan athyglisvert að skoða tölur eins og þessar í langtímasamhengi. Tölurnar frá 2003 ná þannig í gegnum tvær hagsveiflur og tölurnar frá 1991 í gegnum þrjár til fjórar, eftir því hvernig á þau mál er litið.

Fjöldi fólks á vinnumarkaði

Frá árinu 2003 til 2018 fjölgaði starfsfólki á vinnumarkaði um rúmlega 41 þúsund. Á árinu 2018 voru að jafnaði rúmlega 198 þús. starfandi á aldersbilinu 16-74 ára sem var þá um 79% af mannfjölda á sama aldersbili. Á árinu 2003 voru einnig um 79% mannaflans starfandi en hlutfallið sveiflaðist mikið á milli þessara tveggja tímamarkna. Fjöldi starfandi jókst með nokkuð svipuðum hætti nema á árunum 2004, 2009 og 2010. Mesta aukningin var á árunum 2006 og 2007.

Hlutfall starfandi jókst fram til ársins 2007 en lækkaði svo allt fram til ársins 2012 þegar það fór niður í 76%. Það jókst svo upp í 81% á árinu 2016 en hefur lækkað nokkuð síðan.


Lengd vinnutíma

Vinnutími styttest mikið frá 2003 fram til 2018, eða um tvær og hálfu stund að jafnaði. Mest var styttingin á milli árana 2008 og 2009, 1,7 stundir¹. Svo virðist sem staðan hafi breyst mikið í hruninu hvað vinnutíma snertir. Vinnutími var að meðaltali 41,6 stundir á viku á árunum 2003-2008, en 39,5 stundir á árunum 2009-2018.

Fjöldi heildarvinnustunda


Sé fjöldi fólks á vinnumarkaði og lengd vinnutíma tekin saman má sjá að fjöldi heildarvinnustunda

Fjöldi starfandi og hlutfall þeirra af mannfjölda




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Venjulegar vinnustundir á viku



Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun heildarvinnustunda



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

¹ Þetta er það mikil breyting milli tímabila að sú hugmynd kemur upp að breyting hafi orðið á mæliaðferðum. Ekkert í kringum gögnin gefur þó neitt slíkt til kynna.



hefur aukist samfellt frá árinu 2011, mest um 4% árið 2014. Seinni árin er þessi þróun nær algerlega orin af fjölgun starfandi og breyting á vinnutíma hefur ekki mikil áhrif.

Karlar vinna meira, en í minnkandi mæli

Á árinu 1991 var vinnutími karla um 51 stund á viku og var kominn niður í um 41 stund 2018. Vinnutími karla styttest þannig um rúmar 8 stundir á þessu tímabili. Vinnutími kvenna var 34,5 stundir á árinu 1991 og 35,3 stundir 2018. Vinnutími kvenna jókst því um 0,8 stundir á þessu tímabili. Karlar vinna enn mun lengur en konur þó munurinn hafi minnkað verulega.

Lengri vinnutími úti á landi


Vinnutími hefur jafnan verið styttri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Á árinu 1991 vann fólk á höfuðborgarsvæðinu að jafnaði 42 stundir á viku meðan fólk úti á landi vann 46 stundir, eða fjórum stundum lengur. Á árinu 2018 var þessi munur á vinnutíma kominn niður í tvær stundir. Vinnutími á höfuðborgarsvæðinu var kominn niður í 39 stundir og hafði styst um 3 stundir á tímabilinu. Vinnutími úti á landi var kominn niður í 41 stund og hafði styst um 5 stundir.

Mismunandi þróun atvinnuþátttöku


Á árinu 1991 var atvinnuþátttaka um 81%, um 88% hjá körlum og 74% hjá konum en atvinnuþátttakan sýnir hlutfall vinnuafis af heildarmannfjölda. Á árinu 2018 var atvinnuþátttakan 81,6% og hafði þá minnkað um 2,1% hjá körlum en aukist um 3,2% hjá konum á þessum tæpu þremur áratugum. Atvinnuþátttakan minnkaði verulega strax upp úr aldamótum og svo aftur í kjölfar hrunsins. Atvinnuþátttaka náði hámarki á árinu 2016 og var þá svipuð og mest var á árinu 2001. Töluvert dró svo aftur úr atvinnuþátttöku beggja kynja á árunum 2017 og 2018.

Miklar breytingar á vinnumarkaði


Tölurnar hér sýna annars vegar þróun á 15 ára tímabili og hins vegar á tæpum 30 árum. Eðli málsins samkvæmt hafa orðið töluverðar breytingar á þessum tíma. Mesta breytingin er væntanlega sú að vinnutími hefur styst verulega á þessum árum og er svo að sjá að hrundið hafi skipt miklu í því sambandi. Þá hefur dregið nokkuð úr



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



atvinnuþátttöku karla á meðan atvinnuþátttaka
kvenna hefur aukist verulega.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.